
Frá Reiknistofu bankanna

Í síðasta blaði var rætt lítillega um tékkaverkefnið. Mun nú verða skýrt aðeins frekar frá skipulagi og áætlun þessa verkefnis.

Nafnið tékkaverkefni er aðeins misvísandi. Rétt nafn þessa verkefnis er viðskiptareikningar og mynda þeir samstæðan höfuðbókaflokk í bókhaldi bankanna. Þessum höfuðbókaflokki er gefið aðalnúmer 2 og nær yfir eftirfarandi höfuðbókarliði:

- 22 Giróreikningar
- 23 Geymslufé v/innheimtu
- 24 Geymslufé v/ábyrgðar
- 25 Ávísanareikningar
- 26 Hlaupareikningar
- 27 Erlendir viðskiptamenn.

Við skipulag verkefnisins var ákveðið til hagráðingar, að vinnsla skuli miðast við reglur og meðferð á ávísunar- og hlaupareikningum. Sú vinnsla mun að verulegu leyti ná yfir allan ofangreindan flokk.

Markmið þessa verkefnis er að allar færslur hvers dags, fari til úrvinnslu samdægurs. Á þetta við færslur frá síðdegisafgreiðslu líka. Til að byrja með takmarkast þetta markmið við þá staði sem geta sent fylgiskjöl eða gatspjöld til R. B. samdægurs. En síðar meir má búast við að nauðsynlegar upplýsingar (færslur) verði sendar með símalínunum (fjarvinnsla) og munu þá flestir eða jafnvel allir bankastaðir njóta góðs af þessari sameiginlegu vinnslu.

Annað markmið þessa verkefnis er að samræma sem mest vinnslureglur og eyðublöð. Hefur þegar náðst mjög góður árangur á því sviði.

Tékkformið hefur verið samræmt þannig að sama stærð og gerð er nú notuð í öllum peningastofnunum og gildir það bæði um ávísana- og

hlaupareikning. Fylgir hér með mynd af þessum nýju tékkum, og eru þeir að koma fram í bönkum og sparisjóðum þessa daga. Áriðandi er að starfsfólk banka skilji þýðingu tölvurákar, en það er hvíta rákin neðst á tékkanum. Þær upplýsingar sem þar standa, lesa vélar og er því mjög mikilvægt að ekki sé skrifað neitt þar í.

Verið er að semja reiknireglur vaxta og annarra gjalda. Eyðublöð fyrir reikningsútskrift og vaxtanótu viðskiptamanna eru nú samræmd og mun í framtíðinni líta eins út hjá öllum bönkum. Hefur jafnvel komið til umræðu að láta prenta sameiginlegt upplag fyrir alla banka.

Eins og áður var nefnt verða tékkar lesnir beint af vélum. Þó þarf að árita upphæð á hvern tékka og er það gert áður en þeir eru sendir til R.B. Engin flokkun eða skipting tékka er þörf fyrir vinnslu, aðeins að þeir séu í hæfilegum bunkum og afstemmdir.

Reiknistofan mun svo aðskilja þá vélrænt og skila hverjum banka sínum tékkum.

Jafnframt á sér stað vélræn „ávísanaskipti“ sem þýða einfaldlega, að færslan færir á milli innlausnarbanka og reikningsbanka og endar að lokum á réttum viðskiptareikningi. Allt þetta skeður í sömu vinnslu. Því mun tékki á Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, innleystur að kveldi í Verzlunarbanka Íslands í Keflavík, verða færður á réttan reikning í Landsbankanum, Laugavegi 77, sama kvöld, með því einu að Verzlunarbankinn hefur sent hann með öðrum skjölum til R.B. að kvöldi innlausnardags. Næsta morgun er hann skráður á dagfærslulista Landsbankans.

Með kveðju
REIKNISTOFA BANKANNA